

AUGLÝSING

3

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakaupþún í Suður-Múlasýslu,
frá 20. desbr. 1931.

1. gr.

d.-liður 8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura af smálest hverri í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju, en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina á því sama ári.

2. gr.

Fyrri málsgrein a.-liðs 9. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern $\frac{1}{2}$ sólarhring eða hluta af $\frac{1}{2}$ sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 12 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Sigurðardóttur, ljósmóður, á Sámstöðum í Hvítársíðu, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. jan. 1937. Skipulagsskráin er þannig: 4
26. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Sigurðardóttur, ljósmóður,
á Sámstöðum í Hvítársíðu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 500.00 — fimm hundruð kr. — af konum í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum 16. júlí 1936, til minningar um 40 ára ljósmóðurstörf frú Margrétar Sigurðardóttur á Sámstöðum í Hvítársíðu.

Sjóðurinn skal heita: Minningarsjóður Margrétar á Sámstöðum.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að allir vextir leggist við höfuðstólinn til ársins 1973. Eftir það er aðeins skylt að leggja $\frac{1}{4}$ — eina fjórða — þeirra við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ má verja á þann hátt, er segir í 3. gr.

4

26. jan.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum konum og börnum, er heima eiga í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum, hjálp er veikindi bera að höndum. Einnig má veita fátækum sængurkonum styrk, ef þörf sýnist, þó ekki sé um sérstök veikindi að ræða. Þyki eigi ástæða til úthlutunar eitthvert ár, á nokkru af vöxtunum, eða þeim $\frac{3}{4}$ öllum, er úthluta má, leggst það sem ekki er úthlutað við höfuðstólinn. — Höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Oddvitar sóknarnefndanna í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum. Hinn þriðji sé kosinn af kvenfélagi Hvítársíðuhrepps. Leggist það félag niður, er sóknarpresturinn að Gilsbakka sjálfkjörinn þriðji maður í stjórnina.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnin hefir á hendi fjárreiður og reikningshald sjóðsins. Hún dæmir um þörf fyrir styrk og úthlutar honum samkvæmt því. Ætlast er til, að stjórn sjóðsins vinni kauplaust.

5. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skal hafa gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsækjendur um styrk úr sjóðnum, úthlutun styrks til sjúklinga og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld.

Reikningar sjóðsins skulu miðaðir við almanaksár og lagðir fyrir endurskoðun ásamt sveitarsjóðsreikningi Hvítársíðuhrepps.

6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Stofnendur óskuðu eftir því að undirrituð setti ákvæði um sjóð þenna og samkvæmt því er skipulagsskrá þessi gerð.

Sámsstöðum, 22. ágúst 1936.

Margrét Sigurðardóttir.

5

28. jan.

AUGLÝSING

um skírteini fyrir bátáformenn.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 104, 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, hefir sá einn rétt til að vera formaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—15 rúmlesta að stærð, og sem ætlast er til, að komi daglega að landi, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af lögreglustjóra til 5 ára í senn, eftir tillögum skólustjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

- a. þekki á áttavita,
- b. kunnir alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunnir að nota þær,
- c. kunnir að setja stefnur og miðanir á sjókort eftir seguláttum,
- d. kunnir að nota vegmæli og handlóð í sambandi við sjókort,